



# Handleiðsla – síðsamtimi og fagheilsa

Breytt samfélag og starfsheilsa

*Dr. Sigrún Júlíusdóttir, félagsráðgjafi  
og fjölskyldufræðingur hjá Tengslum*



Dr. Sigrún Júlíusdóttir

Á síðustu tímum hefur orðið snörp framvinda í velferðarþjónustu, bæði á sviði heilbrigðismála, félagsmála, skóla og réttarkerfis. Á öllum þessum sviðum starfa félagsráðgjafar og nýir faghópar hasla sér völl. Samhliða því sem niðurskurður og samkeppni eykst eru gerðar meiri og fjölbreytilegri kröfur

til sérfræðiþekkingar og færni fagfólks. Markaðsvæðing og kröfur um afköst og skilvirkni haldast í hendur og sníða fagfólki gjarnan of þröngan stakk til að geta vaxið í starfi og verndað heilsu sína. Vernd fagæða starfsheilsu er hugtak sem vísar til þess að þessar breyttu starfsaðstæður geti ógnað heilsu og þrótti fagfólks í krefjandi störfum. Niðurskurður og svo kölluð hagræðing í rekstri þrengja að og hindra nýsköpun þekkingar og leiða þannig af sér hömlur á endurnýjun þjónustu og úrræðaþróun. Þessu má sporna við með skarpari vitund um aðstæðurnar og með því að efla fagsjálfið til virkni og viðnáms í stað þess að verða leiksoppur markaðsafla og ágóðahugsunar síðsamtimans með gagnrýnislausri þátttöku í kapphlaupi um hrá og hröð afköst. Dreifing hugans eða flótti í nafni slökunar og innri kyrrstöðu er aðeins deyfing. Líkt og almenn heilsuvernd snýst velferð fagmannsins um eigin ábyrgð hans á faglegum þrótti sínum og afdrifum í starfi. Með árvekni fagmanns um fagheilsu sína skapar hann sér möguleika til að njóta sín í starfi og þar getur faghandleiðsla verið hreyfiaflið. Vitund og ígrundun, virkni og áhrifakraftur þurfa hér að vinna saman (Arendt, 1958).

## Áhrifavald og útvíkkun skilgreining faghandleiðslu

Breyttar aðstæður kalla á útvíkkun á skilgreiningu hefðbundinnar handleiðslu (Sigrún Júlíusdóttir, 2000). Slík útvíkkun felur um leið í sér viðhorfsskipti (e. paradigm shift). Það á annars vegar við um ádurnefnda vitund um og sterkari tengingu við samfélagsaðstæður og hins vegar um tengingu við rannsóknir og þekkingarsköpun. Handleiðsla í takt við tímann byggist á þessu viðhorfi ásamt gagnreyndri þekkingu um handleiðslufræði. Með slíkri handleiðslu er stuðlað að árangri með gæðatryggðum vinnubrögðum ásamt trausti og viðurkenningu á fagmanninum en það er um leið meðferðarsamfélaginu til framdráttar (Sigrún Júlíusdóttir, 2006; 2013; 2015).

## Breytt umboð og áhrifavald fagstétta

Hið upprunalega hefðbundna hlutverk hjálparstétta, og félagslegra umbóta fólst í regluhlýðni eða „þjónshlutverki“ við að aðlaga fólk innri og ytri aðstæðum og stýra því innan ramma opinberrar þjónustu. Sú merking valdsins, þ.e. sem inngríp eða *stýring* í umboði stjórnvalda, er nú á undanhaldi (Chambon, 1999). Þörfin á að fjalla um fagmennskuhugtakið og tengsl þess við sjálfræði og vald – fyrr og síðar – knýr þó á sem aldrei fyrr. Það vekur margvíslegar fagsiðferðilegar grundvallarspurningar um nýja sýn á félagsráðgjafa sem *umboðsmenn breytinga* og *valds* (Weinberg, 2016). Þessar breytingar snúast um faglegt sjálfræði (e. autonomy) og *útvíkkun mörk* hugsunar og athafna (e. *rhizome*; Deleuze og Guattari, 2002). Þetta snertir aðferðanálgun, handleiðslu og þekkingarsköpun sem skapar öðruvísi *ábyrgð*, *valdastöðu* og nýtt *frelsi* sem felur í sér hvata til sjálfsábyrgðar á eigin aðstæðum í anda mannhyggju og tilvistarstefnu (Sartre, 2006). Nýtt umboðshlutverk félagsráðgjafa grundvallast á inn-sæi um valdastöðu og þekkingu á hræringum síðsam-



tímans, ógnandi samfélagsferlum og nýjum fyrirbærum. Þau krefjast nýrra viðbragða og faglegs hugrekkis til íhlutunar um málefni eins og út- og innflytjendamál, mismunun í efnahag, fjölmenningu og mannréttindi. Umboð þekkingar og fagmennsku í þessum efnum á jafnt við um eigin viðhorf og um vanda skjólstæðinga okkar.

**Faghandleiðsla og nýir stjórnunarhættir**

Ný þekking um vinnustaðamenningu og samskiptahætti í stofnunum koma úr smiðju fagmennskunnar. Þar hafa sérfræðingar faghópa og stjórnendur stillt saman strengi í fjölfræðilegu samstarfi og teymisvinnu. Sú þróun er hliðholl fagmanninum, meðal annars með reglulegum framvindusamtölum, tækifærum til þróunarverkefna og viðurkenningu á handleiðslu sem leið til fagefingar. Hún opnar leiðir til frumkvæðis og skapandi starfs sem útvíkkar mörk og áhrifavidd fagmannsins. Þannig hjálpar handleiðsla og framsækin stjórnun í velferðarþjónustu fagfólki til að fóta sig í samfélagsaðstæðum sem hafa nær ótakmörkuð – og áður óþekkt – áhrif í lífi fagfólks jafnt og almennings. Skipuleg faghandleiðsla getur spornað gegn vonleysi og faglegru uppgjöf þannig að fagfólkið geti verið trútt hugsjón sinni og nært fagneistann (e. *illusio*) til aðgerða í stað þess að verða „maskíneríinu“ að bráð (Bourdieu, 2007; Björn Þorsteinsson, 2008). Þannig er nútíma faghandleiðsla áhrifarík aðferð til að vinna gegn áhrifum einvíðrar markaðshugsunar í velferðarstofnunum og valdefla fagmanninn.

**Þverfaglegt handleiðslunám**

Til þess að sinna slíkri faghandleiðslu þarf þjálfaða handleiðara. Það voru forsendurnar fyrir því að efnt var til sérhæfðs þverfaglegs þriggja missera framhaldsnáms til diplómagraðu við félagsráðgjafardeild HÍ. Því lauk í árslok 2017 með útskrift 25 fagmanna. Nú, að því loknu, er við hæfi að segja frá því í nokkrum orðum og setja í samhengi við fyrrnefndar áskoranir í fagþjónustu í velferðarsamfélagi síðsamtímans. Markmið námsframboðsins var að koma til móts við (fag)siðferðilega ábyrgð félagsráðgjafa og annars fagfólks á því að geta veitt handleiðslu og beitt sér fyrir innleiðingu framsækins handleiðslukerfis. Handleiðslunám á þeim fræðigrunni sem hér er lýst hefur ekki verið í boði áður, en þverfaglegur hópur útskrifaðist í handleiðslufræðum frá EHI og Tengslum vorið 2000. Undirrituð hafði með höndum stjórn námsleiðarinnar. Að umsjón og kennslu komu einnig Steinunn Hrafnadóttir dósent og Hervör Alma Árnadóttir lektor. Til þess að

tryggja gæði námsins var kennslan í höndum sérhæfðra kennara og klínískt þjálfaðra handleiðara, meðal annars í psykóanalýtískri nálgun. Þeir voru Björg Sveinsdóttir, Haukur Ingi Jónasson, Helgi G. Garðarsson, Rannveig Guðmundsdóttir og Sæunn Kjartansdóttir. Sett voru ströng inntökuskilyrði fyrir þátttöku, meðal annars til að þátttakendur hefðu viðeigandi forsendur til að geta nýtt sér akademíska þekkingu og klíníska þjálfun. Félagsráðgjafar voru í meirihluta, en aðrir faghópar nýttu sér einnig námskostinn, meðal annars hjúkrunarfræðingar og prestar. Þessi hópur verður vonandi öflugur liðsauki í röðum handleiðara á Íslandi.

**Heimildir**

Arendt, Hannah. (1958). *The Human condition*. Chicago: University of Chicago Press.

Björn Þorsteinsson. (2008). Valsað um valdið: Hinsegin pólitík og samfélagsvélin. *Hugur* 20(1), 140–152.

Bourdieu, P. (2007). *Almenningsálitid er ekki til* (Davíð Kristinsson, ritstj., Björn Þorsteinsson, Egill Arnarson, Gunnar Harðarson, þýð.). Reykjavík: Omdúrman og ReykjavíkurAkademían.

Chambon, A.S., Irving, A., Epstein, L. (1999). *Reading Foucault for social work*. New York: Columbia University Press.

Deleuze, G. og Guattari, F. (2002). Rísóm, sífar og innrætt síðfræði (Hjörleifur Finnsson, þýð.). Í Geir Svansson (ritstj.), *Heimspæki verðandinnar* (bls. 12–58). Reykjavík: ReykjavíkurAkademían.

Sartre, J.-P. (2006). *Tilvistarstefnan er mannhbyggja* (Páll Skúlason, þýð. Inngangur e. Villhjálm Árnason). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Sigrún Júlíusdóttir. (2000). Handleiðslumál fagfólks á Íslandi. *Sálfræðiritid*, 6, 51-63.

Sigrún Júlíusdóttir. (2006). The emerging paradigm shift in social work – in the context of the current reforms of European social work education. *Social Work & Society*, 4, 38–52.

Sigrún Júlíusdóttir. (2013). Vitund og valdefling almennings: Um áhrif og áhrifastöðu sérfræðinga og fagfólks. Í Höskuldur Þráinsson og Mike Whelpton (ritstj.), *Chomsky. Mál, sál og samfélag* (bls. 307–325). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Sigrún Júlíusdóttir. (2015). To empower a profession. (Guest editorial). *Research on Social Work Practice*, doi:10.1177/1049731515607980.

Weinberg, M. (2016). *Paradoxes in Social Work Practice. Mitigating Ethical Trespass*. New York: Routledge.